



LEB
Landssamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 25.mars 2018

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr.66/2003, með síðari breytingum (fjármögnun húsnæðissamvinnufélaga).

Pingskjal 460- 346.mál

Landssamband eldri borgara telur að þetta frumvarp til laga um breytingu sé mjög til bóta fyrir húsnæðissamvinnufélög.

Aðalatriðið er að húsnæðissamvinnufélögum sé heimilt að útvega sér þau hagstæðustu kjör á fjármagni sem bjóðast hverju sinni.

Tilgangur með húsnæðissamvinnufélagi á að vera að þeir sem kjósa þann valkost í húsnæðismálum fái sem hagstæðust kjör til eigin búsetu.

LEB vill benda á eitt atriði þótt það sé ekki í þessu frumvarpi. Fyrir marga eldri borgara getur það verið góður kostur að kaupa sér búseturétt í húsnæðissamvinnufélagi. LEB telur rétt að útborgun í kauprétti sem greitt er með séreignarsparnaði fá skattfríðindi eins og um önnur fasteignakaup væri að ræða. Þetta atriði getur vegið þungt þegar eldri borgarar þurfa að leysa sín húsnæðismál.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB